


SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, Ø 91-83711



Alþingi

116/1990 BLB/ÁT

Erindi nr. P 112/1047
Reykjavík, 27. apríl 1990

komudagur 27/4 1990

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga í dag var lagt fram bréf Sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis og var um það gerð eftirfarandi umsögn:

"Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur farið yfir frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 352. mál.

Stjórnin lýsir samþykki við markmið frumvarpsins, sem samkvæmt l.gr. er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Það er hins vegar ljóst, að hagsmunir sveitarfélaga í þessum efnum eru mjög mismunandi og þar með afstaða þeirra til tæknilegrar útfærslu á stjórnuninni.

Nú á síðustu dögum hafa komið fram margar breytingatillögur við umrætt lagafrumvarp, og þótt sumar séu til bóta, eru aðrar þannig, að ekki er séð, að þær stuðli að því, að framsett markmið náist, auk þess sem þær eru afar óljósar.

Á Alþingi er nú fjallað um frumvarp að lögum, sem tekið hefur verulega breytta mynd frá því frumvarpi, sem stjórn sambandins var sent til umsagnar. Hefur stjórninni ekki gefist ráðrúm til að gaungæfa frumvarpið eins og það nú liggur fyrir og telur því ekki unnt að gefa um það sérstaka umsögn.

Þetta tilkynnist háttvirtri þingdeild hér með.

Virðingarfyllst,

Birgir L. Blöndal

Birgir L. Blöndal,
skrifstofustjóri

Sjávarútvegsnefnd efri deildar
b.t. hr. nefndarritara Þórðar Bogasonar,
Alþingi.